



Svo vex tréð sem greinin er sveigð

NÁMSKRÁ SMÁRA FEBRÚAR 2010



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1 Tannverndarvika Kynjaskipt útivera	2 Leikskólalæsi Risaeðlur og Kanínur 	3 Leikfimi í sal 	4 Leikskólalæsi Tröllahópur 	5 Bókadagur: Börnin mega koma með bók að heiman. Tónleikur	6 Dagur leikskólans
7	8 Kynjaskipt útivera	9 Leikskólalæsi Risaeðlur og Kanínur 	10 Vetrarleikar 	11 Vetrarleikar 	12 Dekurdagur Tónleikur 	13
14	15 Bolludagur Kynjaskipt útivera	16 Sprengidagur Leikskólalæsi Risaeðlur og Kanínur 	17 Öskudagur Starfsmannafundur 12:15	18 Leikskólalæsi Tröllahópur 	19 Deildarskemmtun í boði Engjarósar Tónleikur	20 Jóhannes Hafþór 5 ára
21 Konudagur	22 Kynjaskipt útivera	23 Leikskólalæsi Risaeðlur og Kanínur 	24 Leikfimi í sal 	25 Leikskólalæsi Tröllahópur 	26 Afmælisveisla Tónleikur	27

Bestu kveðjur frá starfsfólki



Nýtt símakerfi

Eins og áður hefur komið fram er nú komnar beinar símalínur inn á deildir skólans.

Kiðagil, aðalsími:	462 1761
Engjarós:	462 1763
Smári:	462 1791
Sóley:	462 1731
Gleym mér ei:	462 1721

Við minnum á að ekki er tekið við símtölum inni á deildum milli kl. 11:30 og 13:00. en á því tímabili matast börnin og eru í hvíldarstund.

Vetrarleikar::

Í febrúar standa vetrarleikar yfir í tvo daga í Kiðagili. Annan daginn er stefnan sett á Hlíðarfjall, en foreldrafélagið ætlar að borga rútur fyrir börnin. Þar rennum við okkur á þotum og höfum gaman. Hinn daginn verður líf og fjör í garðinum okkar í anda leikanna.



Grænfánaverkefnið

Grænfánaverkefnið okkar er á fínu róli. Moltunin hefur gengið mjög vel og allar tunnur eru nú fullar. Það er helsti vandinn að hafa ekki nóg pláss fyrir úrganginn sem þó er ótrúlega lítill vegna flokkunar og endurvinnslu. Verkefnastjórnin, Drífa Þórarinsdóttir, er komin aftur úr fæðingarorlofi. Nú þykir tími til kominn að taka flugið af Grænu greininni og sækja um fánann. Drífa er því að hefja viðamikla skýrslugerð vegna umsóknarinnar en hún þarf að hafa borist Landvernd fyrir 1. mars. Ef óskir okkar rætast fáum við fánann afhentan í umhverfisvikunni nánar tiltekið þann 19. maí en þá verður Vorhátíð og úskrift elstu barnanna.



Öskudagurinn

Það verður væntanlega mikið fjör í Kiðagili miðvikudaginn 17. febrúar en þá rennur upp öskudagur, ákaflega skýr og fagur eins og segir í erindinu. Þennan dag munu börnin á Engjarós og Smára fara úr húsi upp úr kl. 9.00, rölta nið ur í Sunnuhlíð og í aðrar verslanir í hverfinu og gleðja verslunareigendur með söng og gleðilátum.



Yngri deildirnar verða heima og slá köttinn úr tunnunni í salnum kl. 9.30 en í kattar stað fá þau popp til þess að stinga upp í sig. Að lokum verður slegið upp balli.

Þennan eina dag ársins mega þau vopn sem fylgja búningunum koma í skólann.

Kl. 12:15 verður skólanum lokað vegna starfsmannafundar.

SMT-skólafærni Í febrúar munu eldri deildirnar klára upprifjun á reglum svæðanna. Að upprifjun lokinni verða tekin fyrir þau svæðin sem þarf að leggja sérstaka áherslu á. Á yngri deildunum eru reglurnar hinsvegar lagðar fyrir börnin á annan hátt. Þar er ekki um upprifjun að ræða heldur innlögn á reglum. Þar að leiðandi tekur ferlið mun lengri tíma og innlögninni verður ekki lokið fyrr en í maí en þá verður börnunum kennt hvernig þau eigi að haga sér í gönguferðum.

Bollu- og sprengidagur:

Lagður hefur verið metnaður í að búa til frumlega bolluvendi í skólanum, helst úr verðlausu efni. Þetta gerum við í takt við umhverfisstefnuna okkar.

Börnin fara heim með vendina fyrir daginn og þeim uppálagt að bolla nú aðra meðlimi heimila sinna í bak og fyrir. Þegar þau mæta svo í skólann uppskera þau hefðbundnar heimagerðar vatnsdeigsbollur með rjóma. Á sprengidaginn verður hins vegar saltkjötsát mikið. Þótt almennt sé reglan sú að hollustan liggi til grundvallar matseðlinum þá snúum við blinda auganu að honum þessa örfáu daga